

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, þriðjudaginn 26. ágúst 2014, kl. 17:00.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Alda Pálsdóttir, Jakob Fannar Hansen, Walter Fannar Kristjánsson og Fanný Björk Ástráðsdóttir. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Kynning á bókabæjum austanfjalls
2. Afreks- og styrktarsjóður, umsóknir
3. Hreyfivikan “Move week”. SamEvrópskt verkefni.
4. Vetrarstarf íþróttamannvirkja.
5. Erindi sem hafa borist.

Í upphafi fundar var nefndarmönnum afhent erindisbréf menningar-, íþróttá og frístundanevndar.

1. Kynning á bókabæjum austanfjalls

Hlíf S. Arndal, forstöðumaður Bókasafns Hveragerðis, kynnti verkefnið Bókabærinn austanfjalls. Verkefnið er tengt bókum, menningu og ferðþjónustu á svæðinu. Lykilfyrirtæki verkefnisins nú við upphaf þess eru Sunnlenska bókakaffið og Konubókastofan á Eyrarbakka en auk þess standa að verkefninu Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Markaðsstofa Suðurlands, Flóahreppur, Bókasafn Árborgar, Listvinafélag Hveragerðis auk fjölda aðila í ferðþjónustu, menntun og menningu á svæðinu.

2. Afreks- og styrktarsjóður, umsóknir

Menningar- og frístundafulltrúi lagði fyrir tvær umsóknir sem hafa borist frá Ragnari Á. Nathanaelssyni, körfuknattleiksmanni með A landsliði Íslands og Kristrínu Rut Antonsdóttur knattspyrnukonu með meistaraflokki Selfoss. Nefndin ákvað að styrkja þetta unga og efnilega íþróttafólk. Reglur um afreks- og styrktarsjóð verða teknar fyrir á næsta fundi nefndarinnar.

3. Hreyfivikan “Move week”. SamEvrópskt verkefni.

Markmiðið er að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum til heilsubótar. Sambandsaðilar UMFÍ hvetja til þátttöku hér á Íslandi vikuna 29. sept. – 5. október. Menningar og frístundafulltrúa er falið hafa samband við íþróttafélagið Hamar og önnur frístundafélög bæjarins um þátttöku og samstarf við skipulagningu þessa daga. Eins að hvetja leik- og grunnskóla til virkrar þátttöku.

4. Vetrarstarf íþróttamannvirkja.

Menningar- og frístundafulltrúi kynnti undirbúning vetrarstarfs í íþróttamannvirkjum.

5. Erindi sem hafa borist.

Bréf frá íþróttafélaginu Hamri vegna framtíðarfyrirkomulags á akstri upp í Hamarshöll. Menningar- og frístundafulltrúa hefur verið falið að skoða ýmsar útfærslur á akstri í Hamarshöll frá Skólaseli en óskað hefur verið eftir við knattspyrnudeild Hamars að hafa sama fyrirkomulag á akstri og samið var um síðastliðinn vetur í u.þ.b. 3 mánuði núna á haustmánuðum. Nefndin leggur til að bærarstjóra verði falið að ræða við formann Hamars um beiðni félagsins um samstarf vegna kaupa á rútu.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:15

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Alda Pálsdóttir, (sign)

Jakob Fannar Hansen, (sign)

Walter Fannar Kristjánsson, (sign)

Fanný Björk Ástráðsdóttir, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)